



Reykjavíkurborg
Menntasvið

Nemendur með einhverfu í almennum grunnskólum

Greinargerð samstarfshóps um samhæfða
þjónustu við nemendur með einhverfu

Júní 2010

Tillögur um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu í grunnskólum.

Stofnað verði ráðgjafateymi í Reykjavík vegna barna með einhverfu

Ráðgjafateymið verði sérhæft teymi sem hefði það hlutverk að vinna með skólum borgarinnar og annarri sérfræðiþjónustu skólanna að því að koma til móts við börn með einhverfu í almennu skólastarfi bæði námslega og félagslega. Ráðgjafateymið hafi með höndum fræðslu til starfsfólks skólanna um fötlunina, aðferðir og rannsóknir sem nýst geta skólum við skipulag náms og félagslegrar aðlögunar nemenda með einhverfu. Markmiðið sé viðhald þekkingar og færni starfsfólks og samræmd þjónusta við nemendur og foreldra innan skólanna í borginni.

Stofnuð verði fjórða sérhæfða sérdeildin fyrir börn með einhverfu

Lagt er til að stofnuð verði fjórða sérhæfða sérdeildin fyrir einhverfa vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda með einhverfu á næstu árum.

Sérhæfing sérhæfðra deilda fyrir börn með einhverfu verði skoðuð

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til að skoða hvort rétt sé að leggja áherslu á að sérdeildir fyrir einhverfa sérhæfi sig í ákveðnum viðurkenndum vinnubrögðum og fái um það staðfestingu þar til bærra aðila.

Leitað verði nýrra lausna við úthlutun til fatlaðra nemenda

Lagt er til að núverandi reglur um úthlutun fjármagns til fatlaðra nemenda verði skoðaðar með því markmiði að leita nýrra leiða. Markmiðið sé að þjónusta í skólum sé ekki eingöngu háð læknisfræðilegri ICD-10 greiningu nemandans heldur taki einnig mið af þjónustupörf viðkomandi nemanda.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
Samráðshópur – tilurð	4
Samráðshópur – hlutverk og verkefni	4
Vinna samráðshóps	5
2. Staða málefna einhverfra	6
Tölulegar upplýsingar – Breytingar á algengi einhverfu og samsetning hópsins varðandi einkenni og þroska. 6	
Niðurstöður könnunar um þekkingu og þjónustu í almennum grunnskólum borgarinnar varðandi nemendur með raskanir á einhverfurófi	7
3. Niðurstöður könnunar á vegum samstarfshóps vorið 2010	8
Þátttakendur	8
Skipulag kennslu	9
Kennsla og þjálfun barns	14
Mat á stöðu nemanda og aðgengi að sérþekkingu	16
4. Umræður úr samráðshópi um einstakar tillögur og fyrstu niðurstöður könnunar	20
Stofnað verði ráðgjafateymi í Reykjavík vegna barna með einhverfu	20
Stofnuð verði fjórða sérhæfða sérdeildin fyrir börn með einhverfu	20
Sérhæfing sérhæfða deilda fyrir börn með einhverfu verði skoðuð	20
Leitað verði nýrra lausna við úthlutun til fatlaðra nemenda.	20
Niðurstöður könnunar	21
Viðauki 1 - Svar við fyrirspurn um stöðu mála einhverfra barna í grunnskólum Reykjavíkur	22
Viðauki 2 - Erindisbréf samráðshóps um málefni nemenda með einhverfu	23
Viðauki 3 – Spurningalisti vegna könnunar samráðshóps vorið 2010	24
Viðauki 4 - Listi yfir lög og reglugerðir	30

Tölur og myndir

Tafla 1. Fjöldi nemenda með úthlutun í grunnskólum Reykjavíkurborgar árið 2009.....	6
Tafla 2. Fæðingarár nemenda	8
Tafla 3. Greining þeirra nemenda sem einstaklingsáætlun er unnin fyrir	9
Tafla 4. Samvinna um skipulagningu kennslu	11
Tafla 5. Sjá um kennslu og umönnun	14
Tafla 6. Hvar kennsla nemanda fer fram.....	14
Tafla 7. Mat á árangri af kennslu/þjálfun.....	16
Tafla 8. Ráðgjöf um skólagöngu barns á þessu skólaári.....	17
Mynd 1. Greiningar nemenda	8
Mynd 2. Upplýsingar um stöðu og þarfir nemanda í upphafi skólagöngu.....	9
Mynd 3. Þeir sem koma að gerð einstaklingsáætlana	10
Mynd 4. Ábyrgð á skipulagningu kennslu	10
Mynd 5. Fjöldi teymisfunda	11
Mynd 6. Fast sæti í teymi um nemanda.....	12
Mynd 7. Árangur teymis	12
Mynd 8. Samvera með jafnöldrum yfir skóladaginn	15
Mynd 9. Aðstoð við ýmis verkefni.....	15
Mynd 10. Ábyrgð á að kennsla/þjálfun skili árangri.....	17

1. Inngangur

Samráðshópur – tilurð

Á 108. fundi menntaráðs 11.nóvember 2009 lögðu fulltrúar Samfylkingarinnar fram svohljóðandi tillögu:

Fulltrúar Samfylkingarinnar leggja til að fræðslustjóri með fulltingi verkefnisstjóra sérkennslu á Menntasviði undirbúi greinargerð um stöðu mála einhverfra barna í grunnskólum Reykjavíkur fyrir næsta fund menntaráðs – og að málefni einhverfra barna verði til umræðu sem sérstakur liður á fundi ráðsins svo fljótt sem unnt er.

Á 111. fundi menntaráðs 9.desember 2009 var lagt fram svar við fyrirspurn um stöðu mála einhverfra barna í grunnskólum Reykjavíkur (sjá viðauka 1). Ragnheiður Axelsdóttir, verkefnastjóri sérkennslu á grunnskólaskrifstofu kynnti málið og svaraði fyrirspurnum.

Bókun menntaráðs:

Menntaráð fagnar stofnun samráðshóps, sem hefur það hlutverk að gera úttekt á þjónustu við börn með einhverfu og smíða tillögur að samhæfðri þjónustu við þennan hóp barna. Náíð samráð allra helstu samstarfsaðila er lykilatríði. Jafnframt leggur menntaráð áherslu á að afar brýnt sé að öll vinna sem innt er af hendi í þessum málaflokki sé unnin af mikilli kostgæfni.

Við stofnun samráðshóps var leitað til þeirra aðila sem koma að greiningu og þjónustu við börn með raskanir á einhverfurófi og hafa þekkingu á stöðu þeirra í skólakerfinu. Eftirfarandi aðilar tóku þátt í samráðshópnum. Bjarnveig Bjarnadóttir deildarstjóri sérdeildar fyrir einhverfa í Langholtsskóla, Elísabet Helga Pálmadóttir verkefnastjóri sérkennslu á Leikskólasviði, Evald Sæmundsen sviðsstjóri fagsviðs einhverfu á Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, Helgi Hjartarson deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Laugadals og Háaleitis, Páll Magnússon sálfræðingur á Barna- og unglingsgeðdeild, Sigrún Birgisdóttir fyrir hönd Umsjónarfélags einhverfra, Sigurborg Sigurðardóttir deildarstjóri sérkennslu í Ölduselsskóla, Yngvi Hagalínsson skólustjóri Hamraskóla, Þorgeir Magnússon deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Árbæjar og Grafarholts, Ragnheiður Axelsdóttir verkefnastjóri sérkennslu á Menntasviði sem var formaður hópsins og Sara Björg Ólafsdóttir sérfræðingur á tölfræði- og rannsóknarþjónustu Menntasviðs sem var starfsmaður hópsins.

Eins og fram kemur í svari við fyrirspurn sem lagt var fyrir í menntaráði 9. desember 2009 hafa málefni barna með raskanir á einhverfurófi verið til umfjöllunar á Menntasviði um nokkurn tíma. Fyrri hluta árs 2009 var fundað með aðilum frá Þjónustumiðstöðvum, Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins og Barna og unglingsgeðdeild. Ljóst var að skoða þyrfti þjónustu við þennan hóp barna og kallað hafði verið eftir því að Menntasvið hefði forgöngu um að stofna samráðshóp þessara aðila.

Samráðshópur – hlutverk og verkefni

Hlutverk samráðshópsins var að gera faglega úttekt á þjónustu við börn með einhverfu og gera tillögu að samhæfðri þjónustu við þennan hóp barna (sjá viðauka 2). Helstu verkefni hópsins voru að:

1. Kortleggja hvernig þjónustu við börn með einhverfu er háttað.
2. Draga saman upplýsingar um fjölda þeirra barna sem fengið hafa greiningu um einhverfu og dreifingu þeirra í almennum grunnskólum og sérskólum.
3. Gera úttekt á hvaða þjónustu skólar þurfa að geta veitt nemendum með einhverfu og hver hún á að vera skv. lögum.
4. Skýra verkswið og hlutverk þeirra sem koma að ráðgjöf og þjónustu við börn með einhverfu skv. lögum.

Vinna samráðshóps

Fyrsti fundur samráðshóps var haldinn 16. desember 2009. Alls voru haldnir 11 fundir á tímabilinu janúar til júní 2010. Á fyrsta fundi samráðshópsins var farið yfir hvað upplýsingum væri nauðsynlegt að safna saman til vinna að verkefnum hópsins. Eftir því sem vinnu samráðshópsins miðaði áfram bættust við ný atriði.

Eftirfarandi gögn voru nýtt í vinnu samráðshópsins:

1. Niðurstöður könnunar sem send var skólum borgarinnar um þjónustu við börn með einhverfu í apríl 2010 (sjá spurningalista í viðauka 3)
2. Tölulegar upplýsingar um fjölda nemenda með greiningar um einhverfu eða á einhverfurófi og hvernig þeir skiptast milli þjónustuhverfa í borginni. Skoðaðar voru tölur frá leikskólum og grunnskólum borgarinnar.
3. Niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir vorið 2009 í grunnskólum um þekkingu og þjónustu í almennum grunnskólum borgarinnar varðandi nemendur með raskanir á einhverfurófi.
4. Niðurstöður könnunar um skólaskil barna með sérþarfir úr leikskóla og yfir í grunnskóla.
5. Upplýsingar frá Evald Sæmundsen sviðsstjóra fagsviðs einhverfu á Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins um faraldsfræði einhverfu.
6. Upplýsingar um þróun tilvísana til Greiningar- og ráðgjafastöðvar ríkisins, lagt fram á fundi í apríl 2009 af Stefáni Hreiðarssyni forstöðumanni GRR.
7. Upplýsingar frá aðilum hópsins um aðkomu og þjónustu þeirra stofnanna sem þeir eru fulltrúar fyrir að börnum með einhverfu.
8. Lög, reglugerðir og þjónustusamningur (sjá lista í viðauka 4).
9. Spurningalisti Guðrúnar Þorsteinsdóttur félagsráðgjafa og Sólveigu Guðlaugsdóttur geðhjúkrunarfræðings sem notaður var í rannsókn þeirra á líðan og aðstæðum fjölskyldna barna með röskun á einhverfurófi, árið 2006 (góðfúslegt leyfi til að rýna í spurningar til samanburðar við könnun samráðshóps).
10. Drög að verklagi við þjónustu í kjölfar greiningar á einhverfurófsröskun. Sameiginleg skýrsla GRR og BUGL (óbirt, væntanlegt á heimasíður stofnana).
11. New Zealand Autism Spectrum Disorder Guideline. (2008). Wellington: Ministries of Health and Education (skýrsla um þjónustu við einhverfa á öllum stigum samfélagsins).

2. Staða málefna einhverfra

Tölulegar upplýsingar – Breytingar á algengi einhverfu og samsetning hópsins varðandi einkenni og proska.

Veruleg aukning hefur orðið á fjölda greindra tilfella með einhverfu og einhverfurófsröskun undanfarin ár. Nýjustu útreikningar á GRR varðandi algengi einhverfu og einhverfurófsraskana byggja á árgöngunum 1994-1998 sem greindust fyrir 31. desember 2009. Byggt var á skrá GRR og BUGL, en eðli málsins samkvæmt fór greining einhverfu í yfir 90% tilvika fram á GRR. Niðurstaðan var 1.2%. Algengi hafði áður verið metið í þessum aldurshópum í lok ársins 2005, en reyndist þá vera um 0.6%. Algengi einhverfu og einhverfurófsraskana í þessum aldurshópum á Íslandi hefur því tvöfaldast á fjögurra ára tímabili. Nýjasta bylgja tilvísana á GRR er vegna barna á grunnskólaaldri þar sem grunur er um röskun á einhverfurófi. Megin hluti tilvísana kemur frá sérfræðipjónustu skóla. Ný rannsókn á 125 börnum á aldrinum 7-17 ára sem greindust með einhverfurófsröskun á tímabilinu 1. jan. 2008 til 1. júlí 2009 sýndi mjög háa tíðni fylgiraskana (comorbidity), þar sem ADHD var algengast. Um fjórðungur var auk einhverfu með þroskahömlun sem var mun hærra hlutfall en búist var við.

193 börn eru með greiningar um raskanir á einhverfurófi í almennum skólum í Reykjavík eða 1.3% af heildar-nemendafjölda skólaárið 2009-2010. Dreifing þeirra eftir þjónustuhverfum borgarinnar sést í töflu 1 en þar má sjá fjölda nemenda sem fá úthlutun vegna fatlana alls og fjölda þar af með raskanir á einhverfurófi.

Tafla 1. Fjöldi nemenda með úthlutun í grunnskólum Reykjavíkurborgar árið 2009

Alls í hverfum	Nem. með úthlutun 2009	Alls nem. í hverfi 2009	Raskanir á einhverfurófi	Hlutfall nem. með úthlutun	Hlutfall af öllum nem.
Miðborg/Hlíðar	49	1319	15	30,6%	1,1%
Vesturbær	45	1626	15	33,3%	0,9%
Laugardalur/ Háaleiti	111	3055	37	33,3%	1,2%
Árbær/ Grafarholt	124	2108	39	31,5%	1,9%
Breiðholt	185	2517	50	27,0%	2,0%
Grafarvogur/Kjalarnes	136	2826	25	18,4%	0,9%
Alls almennir grunnskólar	650	13451	181	27,8%	1,3%
Alls einkareknir grunnskólar	18	466	12	66,7%	2,6%
Samtals	668	13917	193	28,9%	1,4%

Samkvæmt tölum frá Leikskólasviði frá 1. maí 2010 eru nú 75 börn í leikskólum með greininguna *grunur um einhverfu* og 74 börn með greininguna *einhverfa*, eða samtals 149 börn. Á sama tíma árið 2009 voru 59 börn með *grun um einhverfu* og 72 börn með greininguna *einhverfa*, eða samtals 131 barn.

Ef er miðað við 75 börn sem þegar hafa fengið greiningu um einhverfu er það 1.3% af öllum börnum í leikskólum borgarinnar í maí 2010. Ef hinsvegar er gert ráð fyrir að öll börnin sem eru með grun um einhverfu falli undir þau viðmið þá fer hlutfallið í 2.6% .

Ljóst er af þessum tölum að búast má við töluverðri aukningu nemenda með greiningar um einhverfu í skólum borgarinnar á næstu árum.

Niðurstöður könnunar um þekkingu og þjónustu í almennum grunnskólum borgarinnar varðandi nemendur með raskanir á einhverfurófi

Á vordögum 2009 var lögð fyrir könnun á vegum Menntasviðs um þekkingu og þjónustu í almennum grunnskólum borgarinnar varðandi nemendur með raskanir á einhverfurófi.

Helstu niðurstöður voru að:

- Í 32 skólum (82%) var starfsfólk með sérþekkingu á einhverfurófsröskunum, aðallega sérkennarar, þroskaþjálfar og grunnskólakennarar.
- Í 34 skólum (87%) bar ákveðinn starfsmaður ábyrgð á þjónustu við nemendur með einhverfurófsraskanir, aðallega deildarstjórar sérkennslu, þroskaþjálfar og sérkennarar.
- Skólar, þar sem nemendur með greiningar á einhverfurófi stunda nám, höfðu á undanförunum tveimur árum fengið ráðgjöf frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins en einnig þjónustumiðstöðvum, sjálfstætt starfandi ráðgjöfum, sérdeildum fyrir nemendur með einhverfu og Barna- og unglingsdeild.
- Á síðustu tveimur árum hafði yfirgnæfandi meirihluti skóla fengið til sín eða sent starfsfólk á námskeið um einhverfurófsraskanir.
- Í 72% skóla var starfandi teymi um nemendur með greiningu um einhverfurófsraskanir. Í öllum tilvikum voru foreldrar og starfsmenn skóla í teymunum en einnig skólasálfræðingar eða aðrir ráðgjafar frá þjónustumiðstöð, allt eftir hverjum nemanda. Í sumum tilvikum voru einnig ráðgjafar frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins eða Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra í teymum.

3. Niðurstöður könnunar á vegum samstarfshóps vorið 2010

Pátttakendur


Spurningalistar voru sendir í þá grunnskóla Reykjavíkur þar sem einhverfir nemendur stunda nám. Svára átti einum spurningalista fyrir hvern einhverfan nemanda í skólanum en í skólum þar sem fleiri en 5 nemendur voru til staðar voru nemendur valdir af handahófi, að lágmarki 5. Alls bárust svör frá 34 skólum vegna 135 barna. Í 14 skólum var svarað fyrir 1-2 börn, í 17 skólum var svarað fyrir 3-6 börn en í þremur skólum var svarað fyrir 10-14 börn enda voru deildir fyrir einhverfa nemendur í þeim skólum. Oftast svaraði deildarstjóri sérkennslu/sérdeildar spurningalistanum en einnig þroskaþjálfar og skólastjórnendur.

Skipting eftir aldri nemenda var nokkuð jöfn, þó voru heldur færri á unglingastigi en á öðrum aldurstigum skólanna eins og sjá má í töflu 2.

Tafla 2. Fæðingarár nemenda

Fæðingarár	Fjöldi	Hlutfall	Fæðingarár	Fjöldi	Hlutfall
2003	10	7,4	1998	11	8,1
2002	20	14,8	1997	14	10,4
2001	19	14,1	1996	12	8,9
2000	17	12,6	1995	12	8,9
1999	12	8,9	1994	8	5,9
Samtals		135 nemendur			

Spurt var um hvers konar greiningu nemendur væru með. Hægt var að merkja við einhverfu, ódæmigerða einhverfu, Asperger heilkenni og þroskahömlun en einnig gátu svarendur bætt við þann lista. Hægt var að merkja við fleiri en eina greiningu. Alls var merkt við 209 greiningar hjá þessum 135 nemendum, oftast ódæmigerða einhverfu (54 nemendur).




Mynd 1. Greiningar nemenda

Svarendur máttu nefna aðrar greiningar sem nemendur væru með. Flestir nefndu ADHD greiningu eða í 25 tilvikum, 17 nefndu greiningu um einhverskonar röskun á máli eða skilningi og 8 röskun á hreyfiproska. Félagslegir erfiðleikar/álag í félagsumhverfi og sértækir námserfiðleikar var einnig nefnt. Meðal greininga sem nefndar voru 1-2 sinnum voru mótþróaþrjóska, árátta, væg þroskahömlun, tornæmi, kvíði og þunglyndi, tourette, heilalömun, sotos-heilkenni, heyrnarskerðing, stórhöfðun, smáhöfuð og fl.

Skipulag kennslu

Algengast var að upplýsingar um stöðu og þarfir nemandans í upphafi skólagöngu í viðkomandi skóla kæmu frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins, foreldrum og leikskóla eins og sjá má á mynd 2 en merkja mátti við alla þá aðila sem gáfu slíkar upplýsingar.



Mynd 2. Upplýsingar um stöðu og þarfir nemanda í upphafi skólagöngu


Færri nefndu t.d. aðila innan sama grunnskóla, lækna eða aðra sérfræðinga s.s. sálfræðinga, atferlisþjálfara, iðjuþjálfara, talmeinafræðinga og sjúkraþjálfara.

Einstaklingsáætlun var unnin fyrir um 80% nemenda. Af þeim nemendum sem einstaklingsáætlun var unnin fyrir voru 15 með ódæmigerða einhverfu en enga aðra greiningu og 13 með einhverfu en enga aðra greiningu. Þá voru margir nemendur með fleiri en eina greiningu og má þar nefna 12 með einhverfu og þroskahömlun og 11 með ódæmigerða einhverfu og annað eins og sjá má í töflu 3.

Tafla 3. Greining þeirra nemenda sem einstaklingsáætlun er unnin fyrir

Greining	Fjöldi
Ódæmigerð einhverfa	15
Einhverfa	13
Asperger	9
Annað	5
Einhverfa og þroskahömlun	12
Ódæmigerð og annað	11
Ódæmigerð og þroskahömlun	9
Einhverfa og annað	9
Asperger og annað	2
Einhverfa, þroskahömlun og annað	7
Ódæmigerð, þroskahömlun og annað	7
Aðrar greiningar	6
Samtals	105


Að gerð einstaklingsáætlana komu oftast umsjónarkennari og foreldrar eins og sjá má á mynd 3 en einnig þroskaþjálfar og deildarstjórar sérkennslu.



Mynd 3. Þeir sem koma að gerð einstaklingsáætlana

Í um 5% tilvika komu nemendur að gerð áætlunarinnar. Aðrir voru t.d. almennir kennarar, faggreinakennarar, aðstoðarskólastjórar og ráðgjafar frá þjónustumiðstöð. Í um 70% tilvika var einstaklingsáætlunin endurskoðuð 1-2 sinnum á ári, 20% voru endurskoðaðar 3-4 sinnum á ári og 10% oftar.

Spurt var um hver eða hverjir bæru meginábyrgð á **skipulagningu kennslu** nemandans. Sjaldnast var um einn aðila að ræða en oftast kom umsjónarkennari og deildarstjóri sérkennslu að því. Merkja mátti við alla aðila og sýna tölur í svigum fjölda nemenda.



Mynd 4. Ábyrgð á skipulagningu kennslu

Oftast var merkt við að fleiri en einn aðili bæru ábyrgð á skipulagningu kennslu nemandans og má í töflu 4 sjá hvernig þeirri samvinnu var háttað. Efst í töflunni eru starfsheiti þar sem einungis var merkt við einn aðila.


Tafla 4. Samvinna um skipulagningu kennslu

Starfsheiti	Hlutfall
Umsjónarkennari	16%
Sérkennari	13%
Þroskaþjálfi	6%
Deildarstjóri	6%
Deildarstjóri og þroskaþjálfi	12%
Þroskaþjálfi og umsjónarkennari	9%
Deildarstjóri og umsjónarkennari	7%
Sérkennari og umsjónarkennari	6%
Deildarstjóri og sérkennari	4%
Sérkennari og þroskaþjálfi	3%
Deildarstjóri, þroskaþjálfi og umsjónarkennari	6%
Deildarstjóri, sérkennari og þroskaþjálfi	3%
Sérkennari, þroskaþjálfi og umsjónarkennari	2%
Deildarstjóri, sérkennari og umsjónarkennari	3%
Deildarstjóri, sérkennari, umsjónarkennari og þroskaþjálfi	4%

Aðrir sem nefndir voru í skipulagningu kennslu voru t.d. aðstoðarskólalastjórar, fagkennarar, námsráðgjafar, deildarstjórar stígs, stuðningsfulltrúar og sálfræðingar.


Tæp 80% þeirra sem báru ábyrgð á skipulagningu kennslu nemandans höfðu sótt grunnnámskeið um einhverfu og um 50% tóku fram að fjallað væri um einhverfu í námi/sérhæfingu starfs þeirra. Nokkuð margir nefndu að utanaðkomandi ráðgjöf hefði verið sótt, þá helst til iðjuþjálfra, sérdeilda, þroskaþjálfra og sálfræðinga.

Í kringum 110 nemendur var starfandi teymi. Eins og sjá má á mynd 5 funduðu teymin misjafnlega oft, tæpur helmingur þeirra hittist einu sinni á önn eða sjaldnar en svipað hlutfall fundaði um það bil einu sinni í mánuði (ef teknir eru með þeir sem funda 3-4 sinnum á önn eða á 6 vikna fresti).




Mynd 5. Fjöldi teymisfunda

Í öllum tilvikum áttu foreldrar fast sæti í teymi um nemandann og nær alltaf einnig umsjónarkennari. Deildarstjórar sérkennslu/sérdeildar og þroskaþjálfar áttu föst sæti í rúmum helmingi teyma en annars var nokkur fjölbreytni í samsetningu teymanna.



Mynd 6. Fast sæti í teymi um nemanda

Aðrir sem sjaldnar voru nefndir sem hluti af teymi voru hjúkrunarfræðingar, félagsráðgjafar, sjúkraþjálfarar, fulltrúar frá Sjónarhóli, Barnavernd og GRR. Fáir töldu vinnu teymanna ná litlum árangri eins og sjá má á mynd 7 en tæp 70% töldu árangurinn mikinn.



Mynd 7. Árangur teymis

Opin spurning var um allt sem svarendur vildu nefna um teymisvinnuna og má sjá hér fyrir neðan það sem nefnt var.

- Teymið er lykilatriði
- Erfiðast hefur okkur í skólanum þótt að samræma aðferðir við ó/æskilegri hegðun.
- Erfitt að meta árangur teymisins en líklega best metið með því að segja að án teymisins væri barnið mjög líklega í fóstri.
- Foreldrar eru lykilpersónur í velgengni barnsins
- Foreldrar óska eftir að teymisfundir séu haldnir einu sinni á ári. Ekki verið að ræða einstaka þætti varðandi nemandann. Meira td. upplýsingafundir (lyf, samskipti - akstur o.s.frv)
- Fundir hafa verið haldnir eftir því hver staða nem. er, hve mikil síma-tölvu og tekið hefur verið tillit persónuleg samskipti foreldra við skólann verið dagleg. Sérhæfð sérdeild-fardeild hefur verið ráðgefandi v. skólagöngu nemandans í tvígang og nýst einnig foreldrum með atferlismótun.
- Gott að samhæfa aðgerðir en efumst þó stundum um gildi teymisvinnunnar fyrir nemandann.
- Stundum erfitt að fá foreldra á fundi þar sem þeir afboða stundum með litlum fyrirvara. En skólinn hefur alltaf frumkvæði að fundunum
- Ég vildi að umsjónakennari væri meira inni í hans málum. Á það til að kúpla sig alveg út.
- Mikil samskipti í gangi við heimilið í forni tölvupósts.
- Mikilvægar upplýsingar frá sérfræðingum berast til kennara og foreldra. Góður vettvangur fyrir foreldra
- Mikilvægur vettvangur til að stilla saman strengi og leggja línur
- Mjög gott að hittast og skipuleggja saman hvað, hvernig og hver á að gera hvað
- Árangur lítill þar sem erfitt hefur verið að ná fólki á teymisfundi
- Mætti vera fleiri fundir
- Mætti vera oftar.
- Nauðsynlegt og sérstaklega þar sem foreldrar þurfa mikinn stuðning í uppeldishlutverkinu
- Nauðsynlegt að efla tengsl og samræma aðferðir allra
- Tekist hefur að samræma vinnubrögð milli heimilis, skóla og frístundaheimilis með teymisvinnunni
- Teymið fundar oftar ef þörf er á. Fundum hefur farið fækkandi frá því sem áður var.
- Teymið kemur saman ef ástæða þykir til
- Teymið leggur drög að vinnu við hegðunarmótun, ákvarðar næstu skref og metur árangur
- Teymið leggur línur / stillir saman strengi í vinnu og stuðningi með nemandann
- Teymisfundir voru nokkrir í byrjun en nemandi gengur mjög vel og eru umsjónarkennari og móðir í góðum tengslum en teymið fundar eftir þörfum.
- Vegna þroskahömlunar barnsins þarf að hafa daglegt samband milli þeirra sem annast það
- Teymið veitir aðhald
- Það er mjög mikilvægt að hafa teymi og einhverfuráðgjafa til að vinna með okkur
- Það er mjög mikilvægt að hafa teymi og einhverfuráðgjafann í vinnu með okkur.
- Almenna reglan er sú að það eru foreldrar sem eiga frumkvæði að því að starfandi teymi í kringum barnið
- Ætti að hittast oftar

Samskipti við foreldra utan teymisvinnu voru oftast í foreldraviðtölum en um fjórðungur nefndi að foreldrar væru ráðgefandi fyrir skólann. Samskiptin voru virk að mati flestra svarenda í gegnum tölvupóst, samskiptabækur og síma.

Kennsla og þjálfun barns

Spurt var um hver eða hverjir sæju um kennslu og umönnun nemandans. Eins og sjá má í töflu 5 voru það oftast umsjónarkennarar, almennir kennarar, stuðningsfulltrúar og þroskaþjálfar sem báru meginþungann af því starfi en tölurnar vísa til fjölda nemenda sem við á. Hafa ber í huga að fleiri en einn aðili geta séð um kennslu/þjálfun samtímis einhverjar kennslustundir og því ekki merkingarbært að hafa samtölu.

Tafla 5. Sjá um kennslu og umönnun

	Fjöldi kennslustunda á viku			
	1 til 5	6 til 11	12 til 17	18 eða fleiri
Umsjónarkennari í bekk	12	16	16	49
Almennur kennari	12	22	13	30
Stuðningsfulltrúi	20	20	8	24
Þroskaþjálfari	34	17	8	17
Almennur kennari sem sinnir sérkennslu	12	7	2	8
Kennari í sérdeild		7	7	6
Sérkennari	26	17	5	5
Deildarstjóri sérkennslu	24	1	-	-
Námsráðgjafi	10	-	1	-


Eins og búast mátti við komu fleiri aðilar að kennslu og umönnun nemenda og voru flest allar starfsstéttir grunnskólans nefndar í því samhengi enda fylgja nemendur flestir bekkjum í ýmsar greinar og atburði skólans.

Næst var spurt um hvar kennsla nemenda fór fram. Í töflu 6 má sjá að flestir nemenda vörðu meginhluta dagsins í almennum bekk. Svarað var fyrir 122 nemendur og eyður í svörun túlkaðar sem svo að nemandi væri aldrei í viðkomandi aðstæðum.

Tafla 6. Hvar kennsla nemanda fer fram


Fjöldi kest. á viku	Í almennum bekk	Í námsveri	Í fámennum hópi utan námsvers	Einstaklingskennsla	Sérdeild
0	1	79	83	71	100
1 til 5	4	14	16	32	6
6 til 11	15	13	10	14	2
12 til 17	16	6	11	2	4
18 til 23	29	4	-	2	5
24 til 29	21	4	2	-	3
30 o.fl.	36	2	-	1	2

Til að skoða nánar hvort nemendur væru meira með jafnöldrum sínum í einhverjum tilteknum aðstæðum frekar en öðrum voru svarendur beðnir að leggja mat á viðveru nemenda í nokkrum aðstæðum í skólasterfinu. Niðurstöðurnar eru samhljóma þeim í töflu 6, langoftast var þorri þessara nemenda með jafnöldrum meginhluta dagsins eins og sjá má á mynd 8.



Mynd 8. Samvera með jafnöldrum yfir skóladaginn

Að lokum var spurt um hvort nemendur fengju sérstaka aðstoð við ýmis verkefni yfir skóladaginn. Aðstoð við nám/þjálfun í almennum kennslustundum var að sjálfsgöðu algengust en þar á eftir kom aðstoð í list- og verkgreinum og íþróttakennslu enda má sjá af mynd 8 að nemendur voru mikið með jafnöldrum sínum í þeim greinum. Minni aðstoð virtist vera í frímínútum og matsal þó nemendur séu einnig mikið með jafnöldrum sínum þar.



Mynd 9. Aðstoð við ýmis verkefni

Mat á stöðu nemanda og aðgengi að sérþekkingu

Síðasti hluti spurningalistans snéri að mati á stöðu nemenda. Fyrst var spurt sérstaklega um hvort einstaklings-áætlanir, markmiðalistar, atriðalistar eða áætlanir væru notaðar til að meta árangur af kennslu/þjálfun og hversu oft. Svarað var fyrir 99 nemendur og eyður í svörun túlkaðar sem svo að viðkomandi tæki væri ekki notað.


Tafla 7. Mat á árangri af kennslu/þjálfun

	Einstaklings- áætlanir	Áætlanir	Atriðalistar	Markmiðalistar
Vikulega	9	16	6	6
Mánaðarlega	4	13	5	4
Á tveggja mánaða fresti	11	6	7	3
Einu sinni á önn	70	23	6	9
Sjaldnar	1	3	8	5
Aldrei	4	38	67	72

Fjölmargt annað var notað til að meta árangur og er eftirfarandi listi dæmi um það. Ef einhver atriði voru nefnd oftar en einu sinni voru þau tekin út þannig að listinn inniheldur dæmi um fjölbreytni en ekki tíðni matsaðferðar.

- Almennt námsmat bekkjarins og teymisfundir
- ART þjálfun 3x í viku, félagsfærni
- Atferlisþjálfun
- Árgangapróf
- Barnið fylgir áætlun bekkjarins að mestu leyti. Fær aðlagað efni eftir þörfum. Getur notað markmiðalista bekkjarins.
- Bekkjarpróf
- Engin sérstök þjálfunaráætlun gerð fyrir nemanda. Hann fylgir sinni bekkjanámskrá og er afburðar nemandi.
- Félagshæfnisögur
- Frammistöðumat, kannanir
- Fundagerðir teymis og námsmat. Viðtöl við nemendur
- Fylgir áætlun námskrár
- Kannanir eða próf, læsi
- Kannanir sem eru lagðir reglulega fyrir bekkinn
- Leiðsagnaviðtöl
- Mat á hvernig hefur tiltekist á skólaárinu-próf ef mögulegt verður
- Mat við lotuskil- vormat- skráð gengi og frammistaða nem. á skólaárinu
- Merkti við markmiðalista og áætlanir en það er hluti af einstaklingsáætlun
- Námsmat og viðtöl við nemendur
- Námsmat- daglega er farið yfir stöðu barnsins
- Skráningar og hvatningakerfi
- Tekur sömu kannanir og aðrir nemendur. Símat þroskaþjálfu og umsjónakennara
- Umsögn og viðeigandi próf
- Umsögn um skólaárið. Tekur flest sömu próf og bekkjafélagar
- Venjulegt mat við annaskil, skil á heimavinnu, kannanir
- Vikulega er sendur tölvupóstur til foreldra þar sem farið er yfir stöðuna
- Vormat - frammistaða og gengi nemanda skráð
- Þar sem stuðningsfulltrúi fylgir nemandanum er símat í gangi í viðbót við áætlanir
- Þroskammat gert einu sinni á skólaári

Yfirleitt voru það umsjónarkennarar, deildarstjórar sérkennslu/sérdeildar og þroskaþjálfar sem báru ábyrgð á því hvort kennsla eða þjálfun nemenda skilaði árangri eins og sjá má á mynd 10.



Mynd 10. Ábyrgð á að kennsla/þjálfun skili árangri

Aðrir sem nefndir voru í þessu samhengi voru starfsmenn þjónustumiðstöðva, talkennari, iðjuþjálfari og skólastjórnendur.

Um 90% svarenda töldu vera góða þekkingu innan skólans til að mæta þörfum nemandans sem þeir voru að svara fyrir, þar af töldu 38% hana vera mjög góða. Einungis um 4% töldu þekkingu innan skólans vera frekar lélega, 6% hvorki góða né lélega og töldu þurfa að bæta þekkingu almennra kennara t.d. með almennum námskeiðum/fyrirlesturum innan skólans um sérstöðu og aðstæður tiltekinna nemenda. Einnig var nefnt að iðju- og sjúkrapjálfun þyrfti til viðbótar námsveri, annar nefndi að upplýsingamiðlun gæti bætt úr auk þess sem nefnt var að námskeið sem haldið var fyrir stuðningsfulltrúa á Menntasviði í apríl 2010 gæti gagnast fleirum í skólanum.

Flestir svarenda höfðu leitað til annarra innan skólans til að fá ráðgjöf um skólagöngu barnsins á skólaárinu. Það passar vel við þá niðurstöðu að nær allir töldu góða þekkingu vera til staðar innan skólans í spurningunni á undan. Ráðgjöf frá þjónustumiðstöð hverfisins og Greiningar- og ráðgjafarstöð kom þar á eftir.

Tafla 8. Ráðgjöf um skólagöngu barns á þessu skólaári

	Oft	Stundum	Aldrei
Sérfræðingar innan skólans	25%	34%	41%
Þjónustumiðstöð	16%	40%	44%
GRR	4%	47%	48%
Aðrir	5%	24%	71%
BUGL	2%	8%	90%

Fjöldmargir aðrir voru nefndir sem ráðgjafar um skólagöngu á skólaárinu og má sjá dæmi um þá hér að neðan:

- Barnalæknir, iðjuþjálfari og sálfræðingar
- Barnavernd
- Einhverfuráðgjafi sem þjónustumiðstöð útvegar
- Fardeild í Grafarvogi
- Frá kennurum í fyrri skóla barnsins
- Frá ráðgjafa Sjónarhóls

- Frá þeim sem hafa áður komið að skólagöngu nemandans með einhverjum hætti
- Fulltrúa Sjónarhóls
- Fyrrum þroskaþjálfari skólans
- Hjúkrunarfr. foreldra
- Iðjuþjálfari, félagsráðgjafi meðferðarteymis
- Leikskóla
- Námsráðgjafi
- Starfsfólk frá Menntasviði og Brúarskóla
- Talmeinafræðingur

Þegar spurt var um aðgang að sérfræðingum í tengslum við nemandann kom í ljós að 83% töldu hann vera fullnægjandi.

Að lokum máttu svarendur nefna það sem þeim var annars efst í huga um þjónustu við nemendur með einhverfu í grunnskólum. Hér eru öll svör óbreytt nema tekin hafa verið út persónugreinanleg einkenni.

- Á þessum tímum aðhalds er ekki hægt að ráða þroskaþjálfara sem þessi nem. þyrfti nauðsynlega. Einnig hefði hann þurft greiðari aðgang að talmeinafræðingi og iðjuþjálfara. Einnig er ljóst að nem. þarf á sérúrræði að halda sem virðist ekki vera til hjá Reykjavíkurborg.
- Ef vel ætti að vera þyrfti einhverfunemandi að hafa betri aðgang að iðjuþjálfara- þroskaþj. a.m.k. fram að skólagöngu. Auka möguleika á félags og samskiptafærniþjálfun til viðbótar við skólastarfið. Þrátt fyrir mikla vinnu hér og góða samvinnu við for. og sérfr. þá mæti bæta við.
- Enginn þroskaþjálfari er starfandi við skólann.
- Ég reyndi í fyrri að fá endurmat á þessum tiltekna nemanda þar sem hann fékk greiningu áður en hann fór í 6 ára bekk en það var ekki í boði sem er auðvitað ótækt. Það eina sem fékkst var ráðgjöf frá leikskólaráðgjafa á þjónustumiðstöð sem skilaði ekki því sem þyrfti.
- Fleiri einhverfuráðgjafa með sérþekkingu á kennslu- og hugmyndafræði þeirri sem fylgt er í meginatriðum í sérdeild. Túlkur þyrfti að vera oftast til staðar þegar um tvítengi er að ræða. Það skal tekið fram að þau skólaár sem þörf hefur að leita til annarra sérfræðinga hefur það verið gert, bæði sjálfstætt starfandi einhverfuráðgjafa og þjónustumiðstöðvar, ekki þurft á þessu skólaári.
- Fleiri sérfræðinga og ráðgjafa í einhverfu vantar á Íslandi. Einkum sérfræðinga í kennslufræði og hugmyndafræði skipulagðra vinnubragða (kennslufræði sem komin er frá TEAACH módelinu).
- Höfum haft aðgang að öðrum sérfræðingum þegar þess hefur nauðsynlega þurft. Það vantar þó fleiri með sérþekkingu á hugmyndafræði í "skipulegum vinnubrögðum" sem taka grunnhugmyndafræðina úr TEAACH-módelinu.
- Já drengurinn er með einhverfu en engan hegðunarvanda. Finnst mér því hann hafi gleymst í kerfinu. Ekki fengið alla þá þjónustu sem hann á rétt á.
- Marka þarf stefnu fyrir næsta skólaár og fá nem. til samstarfs. Foreldrar hafa ekki þrátt fyrir ábendingar, gert nemandanum grein fyrir niðurstöðum greininga sem hann hefur farið í. Því telur nemandinn sig eiga samleið með bekkjafélögum sínum í einu og öllu. Þetta er ástæða þess að nem. vill ekki þiggja neina aðstoð. skólinn telur sig ekki eiga að upplýsa nemandann um stöðuna. á meðan nemandinn veit hana ekki er erfitt að veita honum þá aðstoð sem æskilegt er að hann fái og er til staðar í skólanum.
- Mér finnst mikilvægast að hafa reglulega teymisvinnu til að samræma vinnubrögð og meta árangur.
- Mjög gott samstarf milli heimilis og skóla, skilar árangri.
- Mætti vera betri aðgangur og tenging við BUGL.
- Mættu gjarnan vera fleiri einhverfuráðgjafar á Íslandi. Sérfræðingar sem hefðu þekkingu og skilning á þeirri hugmynda- og kennslufræði sem sérdeild byggir á.

- Nemandi verður ekki fyrir áreiti jafningja, en eignast ekki félaga heldur. Hann fylgir almennum viðmiðum skólans að flestu eða öllu leyti. Stuðningsfulltrúi hefur menntun í sálfræði og er nemandi til stuðnings í flestum eða öllum kennslustundum.
- Nemandinn hefur verið í skólanum frá 6 ára aldri og þá strax byrjaði teymi um hans mál. Fengum strax einhverfuráðgjafa sem er hér enn í dag. Samstarf við foreldra og alla í teyminu mjög gott. Fyrstu árin þurfti að funda oft. Móðirin hefur fjallað um þetta samstarf og vinnu á ráðstefnu.
- Nemendur með þroskahamlanir eiga sérstaklega erfitt uppdráttar þar sem félagslegi þátturinn þarf meiri stuðning.
- Stöðvavinna hentar þessum nemandi vel.
- Vantar betra skipulag á kennslurýmum í skólanum fyrir nemendur með sérþarfir. Þarf að vera hægt að koma með nemendur án fyrirhafar í lokað rými með næði.
- Vantar meiri talkennslu.
- Vantar sérhæfðan einhverfuráðgjafa til að sinna kennsluráðgjöf inn í skóla.
- Vegna aðhalds í fjármálum er ekki hægt að hafa starfandi þroskaþjálfva við skólann sem þessi nemandi þyrfti á að halda.
- Það hefði verið gott fyrir þennan nemandi að vera í virku og góðu sambandi við atferlisfræðing.
- Það kennslufyrirkomulag sem ástundað er í bekknum hentar nemandi mjög vel.
- Það vantar aðila sem hafa reynslu og þekkingu á þeirri hugmyndafræði sem fylgt er í sérdeild.
- Það vantar fleiri sérfræðinga sem hafa þekkingu á hugmyndafræði í skipulegum vinnubrögðum (TEACCH).
- Það vantar sárlega fagaðila, þroska- eða iðjuþjálfva, til að þjálfva börnin. gerum eins vel og við getum en það dugar ekki. Nemandinn stendur sig vel í bekk en þarf meira þegar samskipti verða flóknari.
- Það vantar þjónustu sérfræðings sem kemur inn í skólann og þjálfar eða ráðleggur um þjálfun nemenda.
- Þarf fleiri einhverfuráðgjafa með þekkingu á kennslufræði í skipulegum vinnubrögðum.
- Þarf nauðsynlega fleiri sérfræðinga sem hafa þekkingu og skilning á þeim vinnubrögðum sem lögð eru til grundvallar í deildinni.
- Þau skipti sem hefur gengið miður vel höfum við getað kallað til t.d sálfræðing þjónustumiðstöðvar og fengið handleiðslu.
- Þessi einstaklingur var með einstaklingsáætlun í upphafi skólagöngu en ekki lengur og er hann í 7.bekk og hefur gengið ágætlega námslega en illa félagslega og þarf að æfa sig meira í sjálfshjálp eins og við að reima skó. Langar að vita hvort þörf sé á einstaklingsáætlun??
- Þetta er nemandi sem gengur ágætlega að fylgja jafnöldrum námslega, þarf tillitssemi félagslega. Verður ekki fyrir áreiti jafningja en leitar óhikað aðstoðar hjá fullorðnum innan skólans sem hann treystir.
- Þörf á teymi sérfræðinga um málefni barna á einhverfurófi sem hægt væri að leita til og fá heimsókn í skóla. Teymið gæti m.a leiðbeint hvernig styrkja mætti félagslega stöðu barnanna í almennum grsk og aðstoða við að byggja upp námskeið til að þjálfva samskipti þeirra.

4. Umræður úr samráðshópi um einstakar tillögur og niðurstöður könnunar

Stofnað verði ráðgjafateymi í Reykjavík vegna barna með einhverfu

Ráðgjafateymið verði sérhæft teymi sem hefði það hlutverk að vinna með skólum borgarinnar og annarri sérfræðipjónustu skólanna að því að koma til móts við börn með einhverfu í almennu skólastarfi bæði námslega og félagslega. Ráðgjafateymið hafi með höndum fræðslu til starfsfólks skólanna um fötlunina, aðferðir og rannsóknir sem nýst geta skólum við skipulag náms og félagslegrar aðlögunar nemenda með einhverfu. Markmiðið sé viðhald þekkingar og færni starfsfólks og samræmd þjónusta við nemendur og foreldra innan skólanna í borginni.

Hugmyndir um ráðgjafateymi fyrir Reykjavík vegna barna með einhverfu komu fljótlega fram í umræðum samráðshópsins. Reynsla þeirra aðila sem sátu í hópnum benti eindregið til þess að þekkingu og úrræði vantaði inn í skólana til að koma til móts við börn með einhverfu. Þekking fylgdir of oft ákveðnum starfsmönnum og þegar þeir fara til annarra starfa glataðist sú þekking og reynsla sem þeir hafi aflað sér. Einnig var rætt að ráðgjafateymi gæti einfaldað samskipti milli greiningaraðila og skóla og þannig gert þjónustu við börn og fjölskyldur samhæfðari á grunnskólastigi. Ef af þessari tillögu verður þarf að stofna hóp sem hefði það hlutverk að skilgreina betur hlutverk ráðgjafateymisins og tengsl þess við skóla, nemendur/fjölskyldur, þjónustumiðstöðvar og greiningaraðila (GRR og BUGL). Ekki var tekin afstaða til þess hvar ráðgjafateymi ætti að vera staðsett. Umræða varð nokkur um þann þátt t.d. hvort teymið ætti að vera sjálfstæð eining, miðlægt frá menntasviði, staðsett við eina þjónustumiðstöð eða vera hluti af ráðgjafapjónustu sem nú þegar er í sérhæfðri sérdeild fyrir einhverfa í Langholtsskóla.

Stofnuð verði fjórða sérhæfða sérdeildin fyrir börn með einhverfu

Lagt er til að stofnuð verði fjórða sérhæfða sérdeildin fyrir einhverfa vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar nemenda með einhverfu á næstu árum.

Við skoðun samráðshópsins á tölulegum upplýsingum um fjölda nemenda með greiningar um raskanir á einhverfurófi bæði í leik- og grunnskólum var það mat hópsins að þær þrjár deildir sem nú eru í borginni og eru sérhæfðar fyrir nemendur með einhverfu myndu ekki anna eftirspurn á næstu árum. Rætt var að sérhæfðar sérdeildir væru nauðsynlegur valkostur fyrir foreldra. Einnig var rætt að á milli 40-50% nemenda í Öskjuhlíðarskóla væru með greiningu um einhverfu auk þroskahömlunar og því ávallt spurning hvar foreldrar óska skólavistar fyrir börn sín.

Sérhæfing sérhæfða deilda fyrir börn með einhverfu verði skoðuð

Lagt er til að stofnaður verði starfshópur til að skoða hvort rétt sé að leggja áherslu á að sérdeildir fyrir einhverfa sérhæfi sig í ákveðnum viðurkenndum vinnubrögðum og fái um það staðfestingu þar til bærri aðila.

Nokkur umræða varð í samstarfshópnum um það hvort sérdeildir fyrir einhverfa eigi að sérhæfa sig í ákveðnum viðurkenndum vinnubrögðum. Um þetta voru skiptar skoðanir í hópnum. Töldu sumir það vera til bóta og auka á fagmennsku meðan aðrir tölu að allar deildirnar yrðu að búa yfir þekkingu á þeim aðferðum sem best nýttust með börnum með einhverfu. Fram kom að skiptar skoðanir væru einnig um þetta á meðal foreldra.

Leitað verði nýrra lausna við úthlutun til fatlaðra nemenda.

Lagt er til að núverandi reglur um úthlutun fjármagns til fatlaðra nemenda verði skoðaðar með því markmiði að leitað verði nýrra leiða. Markmiðið sé að þjónusta í skólum sé ekki eingöngu háð lækisfræðilegri ICD-10 greiningu nemandans heldur taki einnig mið af þjónustuþörf viðkomandi nemanda.

Mikil umræða varð í hópnum um áhrif núverandi reglna um úthlutun fjármagns vegna fatlaðra nemenda á þá þjónustu sem börnin fá í skólum. Rætt var um að núverandi reglur tækju of mið af lækisfræðilegri greiningu nemandans en taki ekki tilliti til námslegra og félagslegra þarfa. Auk þess töldu nokkrir í hópnum að reglurnar væru ekki nægjanlega gagnsæjar þannig að foreldrar vissu hvaða þjónustu börn þeirra ættu rétt á miðað við metnar þarfir. Rætt var um einstaklingsáætlun í þessu samhengi og væntanlegar reglugerðir um börn með sérþarfir og

sérfræðiþjónustu skóla. Einnig kom fram gagnrýni frá aðilum í hópnum þar sem talið var að reglurnar sköpuðu vanda annarsstaðar í kerfinu s.s. biðlista í greiningu þar sem úthlutun fjármagns tæki einungis mið af læknisfræðilegum niðurstöðum.

Niðurstöður könnunar

Niðurstöður könnunar samráðshópsins lágu ekki fyrir fyrr en í byrjun júní. Einungis gafst einn sameiginlegur vinnufundur til að ræða og yfirfara niðurstöður. Niðurstöður könnunarinnar komu aðilum í samráðshópi að mörgu leiti á óvart og stangast á við tillögur hópsins sem byggðar eru á öðrum gögnum og þekkingu þeirra aðila sem sátu í hópnum á málefnum nemenda með einhverfu. Því er það álit samráðshóps að rýna þurfi niðurstöður betur og spyrja nánar út í ýmsa þætti sem þar koma fram. Lagt er til að niðurstöðum verði fylgt eftir með frekari athugunum þar sem farið er dýpra í ýmis atriði og stuðst við skilgreiningar á hugtökum.

Um 90% svarenda töldu vera góða þekkingu innan skólans til að mæta þörfum nemandans sem þeir voru að svara fyrir. Þar af töldu 38% hana vera mjög góða. Einungis um 4% töldu þekkingu innan skólans vera lélega og töldu að bæta þyrfti þekkingu almennra kennara t.d. með námskeiðum/fyrirlesturum innan skólans um sérstöðu og aðstæður tiltekinna nemenda. Þessi niðurstaða kom starfshópnum á óvart.

Annað sem athygli vakti var að einstaklingsáætlanir eru einungis unnar fyrir 80% nemenda og vaknar því sú spurning hvernig unnið er að námslegum og félagslegum markmiðum fyrir um 20% nemenda.

Einnig vakti athygli að starfsmenn þjónustumiðstöðva komu sjaldan við sögu í teyllum vegna nemenda. Þetta atriði þarf að skoða nánar nú þegar flytja á málefni fatlaðra yfir til sveitafélaga. Þrátt fyrir þetta telja 83% svarenda sig hafa fullnægjandi aðgang að sérfræðingum sem gæti bent til þess að sérfræðiráðgjöf sé sótt annað.

Einnig þarf að skoða þá niðurstöðu betur að í 43% tilvika eru teymisfundir haldnir einu sinni eða sjaldnar á önn en 67% töldu mjög mikinn eða frekar mikinn árangur af teymisstarfinu.



Til menntaráðs
Frá fræðslustjóra

Reykjavík 26. nóvember 2009
RA

Minnisblað

Efni: Staða mála einhverfra barna í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi menntaráðs 11. nóvember sl. var samþykkt tillaga fulltrúa Samfylkingarinnar að „fræðslustjóri með fulltingi verkefnisstjóra sérkennslu á Menntasviði undirbúi greinargerð um stöðu mála einhverfra barna í grunnskólum Reykjavíkur fyrir næsta fund menntaráðs – og að málefni einhverfra barna verði til umræðu sem sérstakur liður á fundi ráðsins svo fljótt sem unnt er.”

Málefni barna með raskanir á einhverfurófi hafa verið til umfjöllunar á Menntasviði sl. ár. Fundir hafa verið haldnir með aðilum frá þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins og Barna- og unglingsdeild. Í framhaldi af þeim fundum var ákveðið nú í október að Menntasvið hefði forgöngu um að stofnaður yrði samráðshópur þessara aðila. Samráðshópurinn hefur það hlutverk að gera úttekt á þjónustu við börn með einhverfu og gera tillögu að samhæfðri þjónustu við þennan hóp barna. Helstu verkefni hópsins eru eftirfarandi:

1. Kortleggja hvernig þjónustu við börn með einhverfu er háttað í dag.
2. Draga saman upplýsingar um fjölda þeirra barna sem fengið hafa greiningu um einhverfu og dreifingu þeirra í almennum grunnskólum og sérskólum.
3. Gera úttekt á hvaða þjónustu skólar þurfa að geta veitt nemendum með einhverfu og hver hún á að vera skv. lögum.
4. Skýra verksvið og hlutverk þeirra sem koma að ráðgjöf og þjónustu við börn með einhverfu skv. lögum.
5. Leggja fram tillögu að samhæfðri þjónustu og ráðgjöf til skóla og foreldra um nemendur með einhverfu.

Undirbúningur þessa starfs er hafinn og stefnt er að því að fyrsti fundur hópsins verði haldinn í desember nk. Áætlað er að hópurinn ljúki störfum 1. apríl 2010.

Í skólum borgarinnar eru í vetur 37 nemendur með greiningu um einhverfu (dæmigerða einhverfu), 48 nemendur eru með greiningu um ódæmigerða einhverfu og 32 nemendur eru með greiningu um asperger heilkenni. Þá eru 55 nemendur með greiningar á einhverfurófi (flokkur ótilgreindur en einhver einkenni til staðar) og 21 nemandi með greiningu um gagntæka þroskaröskun. Þessir nemendur fá allir sérstakar úthlutanir vegna fötlunar. Ef þjónustuhverfi borgarinnar eru skoðuð sést að dreifing barna með raskanir á einhverfurófi er nokkuð jöfn á milli hverfa á bilinu 1-2% af heildarnemendafjölda í hverju hverfi borgarinnar.

Erindisbréf

Heiti vinnuhóps: Samstarfshópur um samhæfða þjónustu við nemendur með einhverfu í grunnskólum.
Ábyrgðarmaður: Ragnar Þorsteinsson fræðslustjóri.
Hlutverk: Að gera faglega úttekt á þjónustu við börn með einhverfu og gera tillögu að samhæfðri þjónustu við þennan hóp barna.
Helstu verkefni: <ol style="list-style-type: none">1. Kortleggja hvernig þjónustu við börn með einhverfu er háttað í dag.2. Draga saman upplýsingar um fjölda þeirra barna sem fengið hafa greiningu um einhverfu og dreifingu þeirra í almennum grunnskólum og sérskólum.3. Gera úttekt á hvaða þjónustu skólar þurfa að geta veitt nemendum með einhverfu og hver hún á að vera skv. lögum.4. Skýra verksvið og hlutverk þeirra sem koma að ráðgjöf og þjónustu við börn með einhverfu skv. lögum.5. Leggja fram tillögu að samhæfðri þjónustu og ráðgjöf til skóla og foreldra um nemendur með einhverfu.
Fulltrúar í vinnuhópi: Tveir fulltrúar Þjónustumiðstöðva í borginni. Fulltrúi frá Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins. Fulltrúi frá Barna og unglingsgeðdeild Landspítala. Fulltrúi skólastjóra. Fulltrúi sérhæfðra sérdeilda fyrir einhverfa. Fulltrúi sérkennara úr almennum grunnskóla.
Formaður vinnuhóps: Ragnheiður Axelsdóttir verkefnastjóri á grunnskólaskrifstofu Menntasviðs.
Starfsmenn: Sara Björg Ólafsdóttir sérfræðingur á tölfræði og rannsóknarþjónustu Menntasviðs.
Ráðgjöf / samstarf: Arthur Morthens ábyrgðarmaður á sviði sérkennslu á Menntasviði. Guðbjörg Jónsdóttir ráðgjafi foreldra og skóla á Menntasviði. Auður Árný Stefánsdóttir skrifstofustjóri grunnskólaskrifstofu Menntasviðs. Sigríður Thorlacius lögfræðingur á Menntasviði.
Starfstímabil: 1. desember 2009 – 1. apríl 2010
Skil: Samstarfshópurinn skili greinargerð eigi síðar en 1. apríl 2010.

Viðauki 3 – Spurningalisti vegna könnunar samráðshóps vorið 2010

Bakgrunnsspurningar

Nafn á skóla

Aldur barns

Hvert er starf svaranda?

	Deildastjóri almennrar sérkennslu
	Deildastjóri sérhæfðrar sérdeildar
	Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
	Annað...

Ef annað, þá hvað?

Hvers konar greiningu er nemandinn með? (Merktu við allt það sem við á)

	Einhverfu
	Ódæmigerða einhverfu
	Asperger heilkenni
	Þroskahömlun
	Önnur...

Ef aðra, þá hvaða?

Þjálfun og kennsla barnsins

Þegar þú hófst vinnu með barninu, hver upplýsti þig um stöðu og þarfir barnsins? (Merktu við allt sem við á)

	Greiningar og ráðgjafastöð ríkisins
	BUGL
	Þjónustumiðstöð eða fulltrúi sveitafélags
	Leikskóli
	Grunnskóli
	Aðrir...

Ef aðrir, þá hverjir?

Hvar fer kennsla barnsins fram?

	Kennslustundir á viku
Í almennum bekk	

Í fámennum hóp utan námsvers	
Í einstaklingskennslu	
Í sérdeild fyrir einhverfa	
Í námsveri	

Við hvaða aðstæður er barnið innan um jafnaldra sína?

	Oft	Stundum	Aldrei
Í hefðbundinni bekkjarkennslu			
Þegar bekknum er skipt í smærri hópa			
Í matartíma			
Í íþróttum og sundi			
Í list- og verkgreinum			
Í frímínútum			

Ef annað, þá hvað? _____

Fær barnið sérstaka aðstoð við eftirfarandi?

	Oft	Stundum	Aldrei
Þjálfun við athafnir daglegs lífs			
Nám og /eða þjálfun			
Aðstoð í matsal			
Aðstoð í list- og verkgreinum			
Aðstoð í frímínútum			
Aðstoð í búningsklefa			
Aðstoð í íþróttum og sundi			

Annað, þá hvað?

Er einstaklingsáætlun unnin fyrir barnið?

_Já

_Nei

Hverjir koma að gerð hennar? (Merktu við alla þá sem við eiga)

	Nemandi
	Umsjónarkennari
	Foreldri/ar
	Deildastjóri sérkennslu
	Aðrir

Ef aðrir, þá hverjir?

Hversu oft á ári er hún endurskoðuð?

Aldrei	1-2 á ári	3-4 sinnum	Oftar

Mönnun

Hvaða aðili innan skólans ber megin ábyrgð á skipulagningu á kennslu barnsins?

	Deildastjóri sérkennslu
	Sérkennari
	Almennur kennari sem sinnir sérkennslu
	Þroskaþjálfari
	Annar...

Ef annar, þá hver?

Hvernig hefur ofangreindur aðili aflað sér þekkingar á einhverfu? (Merktu við allt sem við á)

	Grunnnámskeið um einhverfu
	Sérmenntun/sérhæfingu
	Utanaðkomandi ráðgjöf, þá hvaða? _____
	Veit ekki
	Annað

Ef annað, þá hvað?

Hvaða aðilar innan skólans sjá um kennslu og ummönnun barnsins? (merktu við alla þá sem við eiga og fjölda kennslustunda)

	Engar	1-5	6-11	12-17	18 eða fleiri
Deildastjóri sérkennslu					
Sérkennarar					
Almennir kennarar sem sinna sérkennslu					
Almennir kennarar					
Þroskaþjálfarar					
Námsráðgjafar					
Stuðningsfulltrúar					
Leikskólakennarar					
Umsjónarkennari sérdeildar					
Umsjónarkennari bekk					
Aðrir					

Ef aðrir, þá hverjir?

Hvernig metur þú þekkingu innan skólans til að mæta þörfum barnsins?

Mjög góð	Frekar góð	hvorki né	Frekar léleg	Mjög léleg

Ef merkt hefur verið við að þekking innan skólans sé frekar eða mjög léleg, hvað telur þú að megi bæta?

Er teymi starfandi um barnið?

_Já

_Nei

Ef já, hverjir eiga fast sæti í teyminu og sitja reglulega fundi? (Merktu við alla þá sem við eiga)

	Foreldri/ar
	Skólastjóri/ aðstoðarskólastjóri
	Umsjónakennari
	Deildastjóri sérkennslu/sérdeildar
	Sérkennari
	Almennur kennari
	Sálfræðingur
	Þroskaþjálfari
	Námsráðgjafi
	Aðrir

Ef aðrir, þá hverjir?

Hversu oft fundar teymið?

Einu sinni í viku	Tvisvar í mánuði	Einu sinni í mánuði	Einu sinni á önn eða sjaldnar

Finnst þér vinna teymisins hafa skilað miklum eða litlum árangri?

Mjög miklum	Frekar miklum	Bæði/ og	Frekar litlum	Mjög litlum

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram varðandi teymisvinnuna, þá hvað?

Hvaða önnur samskipti eru við foreldra utan teymisfunda? (merktu við allt sem við á)

	Foreldrar eru ráðgefandi fyrir skólann
	Foreldraviðtöl
	Foreldrar hafa annað hlutverk

Ef foreldrar hafa annað hlutverk, í hverju felst það?

Mat á stöðu

Hvað er notað til þess að meta hvort þjálfun/kennsla skili árangri og hversu oft er það gert?

	Vikulega	Mánaðarlega	Á tveggja mán. fresti	Einu sinni á önn	Sjaldnar	Aldrei
Einstaklingsáætlun						
Markmiðalistar						
Sérútbúnir atriðalistar						
Áætlanir						
Annað....						

Ef annað, þá hvað? _____

Hver/hverjir fylgist með hvort þjálfun/kennsla skili árangri? (Merktu við þá sem við eiga)

	Deildastjóri sérkennslu
	Sérkennarar
	Almennir kennarar sem sinna sérkennslu
	Almennir kennarar
	Proskapþjálfar
	Námsráðgjafar
	Stuðningsfulltrúar
	Leikskólakennarar
	Umsjónarkennari sérdeildar
	Umsjónarkennari bekk
	Aðrir...

Ef aðrir, þá hver/jir?

Aðgangur að sérfræðiþjónustu

Hvaðan hefur þú fengið ráðgjöf varðandi skólagöngu barnsins á þessu skólaári? (Merktu við allt sem við á)

	Oft	Stundum	Aldrei
Frá ráðgjöfum þjónustumiðstöðvar			
Frá ráðgjöfum Greiningar og ráðgjafastöðvar ríkisins			
Frá ráðgjöfum Barna- og unglingsgeðdeildar			
Frá sérfræðingum innan skólans			
Frá öðrum			

Ef frá öðrum, þá hverjum?

Finnt þér þú hafa fullnægjandi aðgang að sérfræðingum?

_Já

_Nei

Er eitthvað annað sem þú vilt taka fram?

Viðauki 4 - Listi yfir lög og reglugerðir

Lög um grunnskóla nr.91/2008:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008091.html>

Lög um Greiningar- og ráðgjafastöð ríkisins nr.83/2003:

<http://www.althingi.is/lagas/138a/2003083.html>

Lög um málefni fatlaðra nr.59/1992

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/1992059.html>

Lög um heilbrigðisþjónustu nr.40/2007:

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2007040.html>

Þjónustusamningur milli Menntasviðs og Þjónustu- og rekstarsviðs í samræmi við samþykkt menntaráðs 21.júní 2005:

http://www.rvk.is/desktopdefault.aspx/tabid-3809/6353_view-2891/

Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr.77/2000

<http://www.althingi.is/lagas/nuna/2000077.html>

Drög að reglugerð um sérfræðiþjónustu. Væntanleg á www.althingi.is

Drög að reglugerð um börn með sérþarfir. Væntanleg á althingi.is